



Félagsfundur Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu á Skriðuklaustri og Seyðisfirði 23.-24. mars 2007

Peir sem fundarmenn sem komu til Egilsstaða með flugi nutu skemmilegrar og fræðandi leiðsagnar Arndísar Þorvaldsdóttur leiðsögumanns og starfsmanns Héraðsskjalasafns Austfirðinga á leiðinni upp með austanverðu Lagarfjöti og í Skriðuklaustur.



Hluti fundarmanna í Öldunni á Seyðisfirði

Þátttakendur voru eftirtaldir:

Anna Heiða Kvist, Askur og Embla
Arndís Þorvaldsdóttir, Héraðsskjalasafni Austfirðinga
Ágústa Bergmann, Sögusafnið í Perlunni
Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu
Ásta Sigurðardóttir, Þingmúla í Skriðdal
Bergur Þorgeirsson, Snorrastofu
Guðbrandur Benediktsson, Landnámssýningin í Aðalsræti, 871 + /- 2
Elfa Hlín Pétursdóttir, Minjasafni Austurlands
Ernst Backman, Sögusafninu í Perlunni
Frank Bradford, ljósmyndari frá Orkneyjum
Gísli Sigurðsson, Árnastofnun
Inga Sóley Kristjónudóttir, minjavörður Austurlands
Hólmfríður Ingólfssdóttir, Skálholti
Hörður Sigurbjarnarson, Garðarshólma, Húsavík
Kristín Aradóttir, Sögusetrinu á Hvolsvelli
Kristín Sóley Björnsdóttir, Gásaverkefninu
Lára G. Oddsdóttir, Félagi áhugamanna um Hrafnkelssögu

Ólafur B. Valgeirsson, Vopnafirði (Vopnfirðinga saga)
Pétur Jónsson, Grettistaki
Rúna K. Tetzschner, Þjóðminjasafni, Íslands
Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar – RRF
Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, Landnámssetri Íslands
Sigrún Ragnarsdóttir, Grettistaki
Skúli Björn Gunnarsson, Félagi áhugamanna um Hrafnkelssögu
Steinunn Kristjánsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands
Þórir Örn Guðmundsson, Víkingar á Vestfjörðum (Þingeyri)
Puríður Aradóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi, Rangárfings eystra

1. Fundurinn var settur á Skriðuklaustri kl 14:30.

Skúli Björn bauð alla velkomna.

2. Fundarmenn kynntu sig

3. Þróun og saga samtakanna – skipulag fundarins

Rögnvaldur Guðmundsson, formaður, fór yfir gang mála og kynnti dagskrána. Nú eru um 40 skráðir félagar í Samtökum um sögutengda og fer þeim stöðugt fjölgandi.

4. Skúli Björn kynnti austfirskar söguslóðir

Kom þar m.a. inn á Hrafnkels sögu. Vopnfirðinga sögu, sagnir af Pöpum, Naddoði, kristnisöguna (Síðu-Hallur o.fl.), Njálu (Flosa í Svínafelli o.fl.), sögu Skriðuklausturs o.fl. Margt sem leynist í sagnakistli Austfirðinga sem upplagt er að nýta til að efla sögutengda ferðaþjónustu í landshlutanum. Einnig fjölmargar þjóðsögur o.fl.

5. Minjagripaframléiðsla kynningarstarfsemi Þjóðminjasafnins

Rúna K. Tetzschner, kynningarstjóri Þjóðminjasafnins, hélt fróðlegt erindi um minjagripaframléiðslu og kynningarstarfsemi Þjóðminjasafnins. Kynningarfulltrúi var ráðinn að safninu við enduroppunina í mars 2005 en starf hans er mjög fjölbreytt. Þegar safnbúðin var opnuð var farin sú leið að hafa hana undir Þjóðminjasafninu, en hún hefur ákveðið fræðslu- og miðlunarhlutverk þar sem vöruúrvalið tengist safnkostinum. Í erindi Rúnu kom m.a. fram að Þjóðminjasafnið hefur átt gott samstarf við nema úr Listaháskóla Íslands við þróun minjagripa sem seldir eru í safnbúðinni. Félagsmenn fengu að sjá sýnishorn af nokkrum vörum. Salan í safnbúðinni jókst um 27% milli 2005 og 2006. Frá opnun safnins hafa gestir verið 90.000. Einnig Rúna hún stuttlega frá könnun meðal Íslendinga sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar gerði fyrir safnið. Þar var m.a. spurt um hverjir hefðu komið á safnið frá enduroppun þess og hvað fólki þætti um nýju sýninguna og um ímynd Þjóðminjasafnsins. Sýningin fékk góða einkunn og sömuleiðis var ímynd safnsins góð.

6. Handrit, þjóðsögur, örnefni og íslenska handa ferðamönnum.

Gísli Sigurðsson, sérfræðingur hjá Árnastofnun, hélt mjög fróðlegt erindi og hvatti fólk til þess að nýta sér það sem Árnastofnun hefur uppá að bjóða. Hann benti fundarmönnum á vefköng þar sem nálgast má handrit og annan fróðleik. Hann vakti sérstaka athygli á Örnefnaskránni og þeirri staðreynd að á bak við hvert örnefni væru

margar sögur en einmitt þær geta jú eflt sjálfsmynd byggðarlaga og þar með stutt við vöru- og þjónustuþróun í ferðaþjónustu.



Skúli Björn kynsir Gunnarsstofnun og aðra starfsemi á Skriðuklaustri.

7. Miðlun og uppbygging á minjastöðum

Inga Sóley Kristjónudóttir, minjavörður Austurlands, kynnti lög og reglugerðir Fornleifaverndar ríkisins og hvernig fólk ætti að bera sig að varðandi miðlun á minjastöðum. Hún sýndi nokkur dæmi sem víti til varnaðar. Benti einnig á mikilvægi góðrar samvinnu félagsmanna við Fornleifaverndarinnar þegar setja á upp skilti við sögustað og/eða fornleifar.

8. Fornleifar og sögutengd ferðaþjónusta – kostir og gallar

Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur, hélt fróðlegt erindi um efnið og stiklaði á stóru um það varðandi hvernig fornleifar hafa verið nýttar í ferðaþjónustu og nefndi þar eftirtalið sem dæmi: Eiríksstaðir í Haukada, Geirsstaði í Hróarstungu, Hofstaði í Garðabæ, Kaldárhöfðasverðið í Reykjanesbæ og Skriðuklaustur. Kostirnir voru að fjölbreytt miðlun er notuð til þess að koma upplýingum um fortíðina á framfæri, er nær til breiðs hóps og aðgengi að fornleifunum er yfirleitt gott. Gallarnir eru hins vegar að stundum samræmast fornleifarnar ekki hugmyndum fólks umfortíðina úr frá rituðum heimildum. Þá er mikilvægt að hafa það sem réttast er vitað.

9. Hópa vinna

Eins og á félagsfundinum í Reykholti í nóvember s.l. var fundarmönnum skipt í fjóra hópa er ræddu eftirfarandi efni.

- **Kynningar- og markaðsmál**
- **Hátíðir og samstarf**
- **Gæða- og fræðslumál**
- **Handverk og minjagripi**

Hóparnir hófu störf fyrri daginn á Skriðuklaustri og héldu áfram störfum í Öldunni á Seyðisfirði síðari daginn (sjá samantektir hér að aftan).



Hópur um gæða- og fræðslumál að störfum.

10. Leiðsögn um Skriðuklaustur, Lagarfljót og í Seyðisfjörð

Að loknum fundi að Skriðuklausti fyrri daginn fræddi Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnar (og gjaldkeri SSF), fundarmenn um Gunnarsstofnun og aðra starfsemi á Skriðuklausti. Þar eru ýmis metnaðarfull verkefni í farvatninu sem eiga að tryggja sess staðarins sem menningarmiðstöðvar. Þá er áformað að á Skriðuklausti verðu ein af gestamiðstöðvunum fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

Að því búnu var gengið niður að rústum klaustursins þar sem Steinunn Kristjánsdóttir hefur stjórnað uppgreftri á síðustu árum. Steinunn fræddi fundarmenn um framgang rannsókna og fyrirætlanir um miðlun og uppbyggingu á staðnum í framtíðinni.

Þá var haldið með rútu frá Skriðuklausti og tók Arndís Þorvaldsdóttir leiðsögumaður við stjórninni. Nú var ekið meðfram vesturbakka Lagarfljóts og sem leið á yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

11. Næsti fundur: Aðalfundur SSF 2007

Ákveðið var að næsti fundur samtakanna, og um leið aðalfundur SSF árið 2007, yrði haldinn í Reykjavík 8.-9. júní n.k. (föstudag til laugardags). Var Guðbrandi Bendiktssyni falið að skipuleggja fundinn fyrir hönd gestgjafanna í samvinnu við stjórn SSF.

NIÐURSTÖÐUR HÓPAVINNU

Hópur 1 Kynningar- og markaðsmál

Bæklingar

- Nóg til af stórum (A4) fyrir sumarið 2007.
- Endurnýja vasabrotsbæklinginn fyrir sumarið.
 - Þarf að greina betur á milli ensku og íslensku á kápunni til að forðast rugling.
 - Bæta við einni síðu í hann með nýjum aðilum.

Plakat

- A3 er æskileg stærð. Gefa úr fyrir sumarið 2007.
- Sumir vilja hafa pláss fyrir viðburði hjá sér. Hægt að leysa með því að hafa eyðu fyrir A4 á plakatinu sem hægt væri að líma á stóra plakatið.
- A2 gæti verið til að ramma inn og setja á valda staði, t.d. staði samtakanna og líka á upplýsingamiðstöðvar.

Rúllandi kynning á skjá

- Á að þróa áfram kynninguna upp úr bæklingnum til að láta rúlla á upplýsingaskjám þar sem þeir eru? Búið að vinna drög hjá Ernst Backman.
ÚTBÚA FYRIR SUMARIÐ
- Gæti þá líka verið sett á lítinn-CD til að gefa til kynningar og hafa með erlendis.
SKOÐA

Ferðasýningin Fífunni í lok apríl

- Á að vera með kynningu á sýningunni?
STJÓRN KANNAR MEÐ ÞÁTTTÖKU.

Bæklingastandur

- Merktur standur eða hilla með bæklingum frá aðilum í SSF til að hafa á hverjum stað sem er í SSF
KANNA KOSTNAÐ

Útvarpsauglýsingar - strætóauglýsingar

- Á að hafa samlesnar útvarpsauglýsingar í sumar til að minna á samtökin og staðina?
HAFNAÐ Í BILI
- Umræða um hvort SSF ætti að auglýsa www.sagatrail.is strætisvögnum sumarið 2007. KANNA KOSTNAÐ

Ítarbækling fyrir flugfélag

- Hugmynd um að gera ítarlegri bækling með sögum eða sögubrotum sem yrði t.d. dreift á Saga Class hjá IcelandAir. KANNA MÁLIÐ

Vinna að útgáfu á styttri útgáfum af ýmsum Íslensingasögum – fyrir ferðamenn o.fl.

- Rætt um samvinnu við bókaútgáfu Leifs Eiríkssonar o.fl.
GERA FRUMKÖNNUN

Skúli Björn Gunnarsson - ritari

Hópur 2 Hátíðir og samstarf

Viðburðadagatal

Ákveðið var að fá viðburðardagatal inn á heimasíðu SSF www.sagatrail.is. Fá félagsmenn til þess að senda efni. Stuttar upplýsingar um hvern viðburð fyrir sig og svo krækjur á enn betri upplýsingar hver verkefni fyrir sig. Þarf að koma inn á vefinn fyrir sumarið 2007.

Handbók/gátlisti.

Þórir mun tala við Rúnar Óla Karlsson em var fyrir Ísafjarðarbæ í NPP verkefni sem einmitt gaf út handbók um viðburðarstjórnun í tengslum við Norðurslóðaverkefnið "USEVENUE". www.usevenue.net. Gott að hafa þá handbók inni á vef SSF ef hún virðist geta nýst félagsmönnum vel.

Sérstaðan

Brýna þarf fyrir félagsmönnum að hver hátíð og viðburður skerpi sína sérstöðu og hafi gæðin ávallt í fyrirrúmi.

Námskeið og fræðsla

Rætt var um að samnýta námskeið og það fólk sem kemur (sérstaklega ef það er að utan) til þess að lækka kostnað og auka margfeldisáhrif. Bent var á vefsíðuna www.listalind.is en þar eru ýmis handverksnámskeið auglýst.

Stefnt er að auknu samstarfi hátíða innan vébanda samtakanna og horft er til sameiginlegra fræðsluferða til útlanda, mögulega með tilstyrk Leonardo da Vinci áætlunarinnar. Það er ávalt gagnlegt að heimsækja kollega hér heima og sjá hvernig aðrir byggja sinn viðburð upp. Rætt var um í því samhengi að forsvarsmaður viðburðar/hátíðar fengi jafnvel frítt inn á þá hátíð sem hann heimsækir til að efla samstarf og auka tengslin okkar á milli og gera fólki kleift að kíkja á nokkra viðburði án þess að þurfa að spá í peninginn. Einnig var rætt um sameignlegt kynningarefni í formi bæklinga eða plakats um hátíðir á vegum félaga í samtökunum. Ákveðið að skoða það fyrir árið 2008.

SÖGUHÁTÍÐIN 2008

Halda söguhátíð. Félagmenn hafa tekið vel í þessa hugmynd og var rætt um hvort stefna bæri á að halda slíka hátíð næsta sumar 2008. Þórir bauð fram sitt svæði til að hýsa samkomuna. Það þarf þó að hafa í huga að það svæði sem hátíðin verður á þarf að geta tekið á móti mörgum gestum í einu. Fjarlægðina frá höfuðborgarsvæðinu þarf einnig að hafa í huga, sérstaklega þegar þetta er gert í fyrsta skiptið. Ákveðið að skoða málið vel og ræða betur á aðalfundinum á komandi vori.

Kristín Sóley Björnsdóttir - ritari

Hópur 3 Gæða- og fræðslumál

Til að byrja með var ákveðið að umræður skyldu að nokkru byggðar á því sem fram hafði komið á fundi SSF í Reykjaholti, 23. – 24. nóvember 2006. Þannig yrði stuðlað að ákveðnu samhengi og framvindu í þessum málafllokki. Niðurstöður úr starfi hópsins er ræddi fræðslu- og gæðamál í Reykholti voru því hafðar til hliðsjónar. Á Reykholtshöfundum kom m.a. fram að mjög mikilvægt væri að treysta áreiðanleika og trúverðugleika. Þau orð þykja enn í fullu gildi og ekki hvað síst er varðar gæða- og fræðslumál.

Gæðamál

Segja má að gæðamál séu tvenns konar:

- A) annars vegar mál sem snúa að beinni þjónustu og kynningu og kalla má hlutlæga þætti (svo sem hvað er í boði á hverjum stað).
- B) hins vegar mál sem snerta efnisinnihald, frásögnina. Þá þætti má kalla huglæga, enda er erfiðara að henda reiður á þá.
- A) Fram kom að leggja ætti ríka áherslu gerð kynningarefnis er varðar svið SSF, bæði sameiginlegt og einnig það sem hver og einn aðili vinnur. Lagt er til að eftirfarandi sé haft að leiðarljósi:

Allt prentefni skal vera vel unnið og vandað og endurspeglar viðurkennd fagleg sjónarmið. Ritstjóri og ábyrgðarmaður skal vera á sameiginlegu kynningarefni á vegum SSF.

Hvað varðar þá þætti er snúa að þjónustu og kynningu, þá kom fram á Reykholtshöfundum að erðamálstofa á Akureyri gæti verið SSF innan handar með eiddbeiningar eða viðmið. Væntanlega stendur það ágæta boð enn og mælt er með því að SSF nýti sér það.

- B) Rætt var um fræðilega „staðla“ og hvaða erindi slíkir ættu í þessu sambandi. Nefnt var að ýmsir hópar sem starfa innan SSF vinna eftir slíkum stöðlum, hér má nefna siðareglur safnmanna, siðareglur sagnfræðingar og siðareglur leiðsögumanna. Mikilvægt er að gefa þessum þætti gaum og hugsanlega má leita samstarfs við Hólaskóla, þar sem fram fer kennsla fyrir staðarverði við að útbúa nokkurs konar leiðarljós á þessu sviði.

Guðbrandur Benediktsson - ritari

Fræðslumál

Væntanlegt